

Greinargerð Umhverfisstofnunar um framkomnar athugasemdir vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar vatnasviðs Markarfljóts

Frá : Ingibjörg Marta Bjarnadóttir <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>
Heiti : Greinargerð Umhverfisstofnunar um framkomnar athugasemdir vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar vatnasviðs Markarfljóts
Málsnúmer : 1810067
Málsaðili : Umhverfisstofnun
Skráð dags : 02.07.2019 14:00:39
Höfundur : Ingibjörg Marta Bjarnadóttir <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>

Viðhengi Skilmálar Markarfljót.pdfSkilmálar Markarfljót.pdf
Markarfljót.pdfMarkarfljót.pdf
image001.pngimage001.png

Góðan dag

Þann 18. október 2018 lagði Umhverfisstofnun fram til kynningar tillögu að friðlýsingu vatnasviðs Markarfljóts: 22 Markarfljótsvirkjun A og 23 Markarfljótsvirkjun B, á grundvelli flokkunar svæðisins í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar, sbr. ályktun Alþingis [nr. 13/141](#), frá 14. janúar 2013.

Lögð var fram tillaga að auglýsingu um friðlýsingu svæðisins og kort þar sem tillaga að mörkum svæðisins var dregin upp.

Frestur til að skila athugasemdum var til og með 23. janúar 2019.

Umhverfisstofnun hefur nú tekið saman umsögn um framkomnar athugasemdir við tillöguna og vísað tillögu að friðlýsingarskilmálum til ráðherra skv. 2. mgr. 39. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Hér meðfylgjandi er greinargerð um umsögn Umhverfisstofnunar um framkomnar athugasemdir vegna ofangreindrar tillögu að friðlýsingu ásamt tillögu Umhverfisstofnunar að auglýsingu um friðlýsinguna. Kort með lokaafmörkun svæðisins liggur ekki fyrir að svo stöddu en afmörkunin er unnin hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Stærð svæðisins sem tilgreind er í tillögu að auglýsingunni mun breytast til samræmis við lokaafmörkun svæðisins.

Frekari upplýsingar eru að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar

<https://ust.is/nattura/atak-i-fridlysingum/fridlysingar-i-vinnslu/rammaaaetlun/vatnasvid-markarfljots/>

Umhverfisstofnun þakkar fyrir þær athugasemdir og ábendingar sem bárust á kynningartíma.

Bestu kveðjur, Best regards

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið samþættingar, Department of Integration

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: <http://www.ust.is>

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: <http://www.ust.is/disclaimer>